

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Patreksfirði



Dags eftirlits	26.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Örn Eggertsson	Staðsetning	269447,152 575484,402

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar merkingar á nýjum úrgangsolúgeymi og lögnum honum tengdum. Fráviki frá síðasta eftirliti árið 2023 er varðar skráningar í rekstrarhandbók er lokið og brugðist hefur verið við ábendingum sem settar voru fram í síðasta eftirliti, með fullnægjandi hætti.

## UMFANG EFTIRLITS

### Umfang eftirlits:

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar að Vatnseyri við Patreksfjörð. Stöðin hefur leyfi til að taka á móti og geyma allt að 1.400 m<sup>3</sup> af olíu og móttaka allt að 50 tonnum af úrgangsolíu, á ári. Einnig er heimilt að geyma allt að 200 m<sup>3</sup> af bensíni í stöðinni en gegnumstreymi þess skal þó vera minna en 5.000 tonn á ári. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2034.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Umgengni, aðkoma lóðar og skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á gagnaskil og mælingar skv. því. Eitt frávik frá ákvæðum starfsleyfis kom fram við síðasta eftirlit árið 2023, er varða skráningar í rekstrarhandbók. Ein ábending var sett fram er varðar þjálfun stöðvarstjóra á öflun upplýsinga úr rafrænu kerfi. Skráningar í rekstrarhandbók hafa verið bættar og þjálfun stöðvarstjóra komin í lag.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Sex olúgeymar eru í stöðinni, þrjú lóðréttir olúgeymar, tveir láréttir bensíngeymar og einn láréttur úrgangsolúgeymir. Tvær færanlegar úrgangsolúkerrur stóðu á steypu afgreiðsluplani fyrir framan stöðina en verða þær fjarlægðir á næstu vikum og ný kerra kemur í staðin. Planið er olíuhelt og tengt olúskilju. Allir geymar voru botnþykktarmældir á árunum 2019 og 2020 og ekki gerð athugasemd við áframhaldandi notkun þeirra. Geymana skal þykktarmæla að lágmarki á 10 ára fresti skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Allar lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2020 og var minnt á að næsta prófun skal fara fram á næsta ári, eða að lágmarki á fimm ára fresti. Úrgangsolúgeymir hefur nú verið tengdur en enn á eftir að merkja bæði geymi og lagnir skv. I viðauka í reglugerð nr. 884/2017. Framkvæmdir eru að hefjast við stækkun áfyllingarplansins og verður aðgengi flutningsbíla þar með bætt. Öll undantöppun geyma er í bamba þar sem olúnni er dælt aftur inn á geymana að fellingu lokinni.

Olíubirgðastöðin fellur undir 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) og er undanþegin ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað og ákvæði um fljótandi innra þak þar sem gegnumstreymi bensíns er undir 5.000 tonnum á ári. Mæla skal olíu í frárennsli að lágmarki 3ja hvert ár skv. gr. 4.2 í starfsleyfi og skal gera næstu mælingu árið 2025. Olíuskilja var síðast tæmd 21. júní sl.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila. Teikningar af stöðinni voru sýnilegar uppi á vegg í stöðvarhúsi og starfsleyfi og önnur gögn sem tiltekin eru í starfsleyfinu s.s. viðbragðsáætlun, öryggisblöð og verklagsreglur voru til staðar í rekstrarhandbók. Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð. Hafa þær verið bættar frá síðasta eftirliti og er fráviki þess efnis því lokað. Ekki er gerð athugasemd við skráningarnar en minnt á að áfram þurfi að vanda til allra skráninga skv. gr. 4.1 í starfsleyfi.

Spilliefnakar var ekki til staðar en öllum olíublautum úrgangi er skilað til Kubbs sem er móttökustaður úrgangs á Patreksfirði og staðsettur við hlið stöðvarinnar. Ísogsefni voru til staðar í stöðvarhúsi.

Gengið var um stöðina og þró, geymar, lagnir og undantöppunarbúnaður skoðaður. Engar ábendingar eru settar fram þar um. Stöðin er snyrtileg á að líta, hlið var læst við komu, girðingar eru í lagi og vel við haldið.

#### **ÁBENDINGAR**

Ábending er sett fram um að nýr olíugeymir fyrir úrgangsolíu er enn ómerktur skv. viðauka I í reglugerð nr. 884/2017, sem og lagnir til og frá geyminum.

#### **ANNAÐ**

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Eitt óhapp varð nú í sumar þegar úrgangsolíubarki gaf sig við dælingu og fór olía á áfyllingarplan og stöðvarhús. Olían var hreinsuð upp og olíu veitt niður í olíuskilju sem var tæmd í framhaldinu.

Meðfylgjandi fundarboðinu var skráningarblað um geyma og lagnir og var það uppfært að eftirliti loknu.

Reykjavík, 08.10.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Arnadóttir